

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2005

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til höfundalaga, 222. mál.

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

11. gr.

Með breytingu á 49. gr. höfundalaga er gert ráð fyrir að óska þurfi samþykkis ljósmyndara áður en mynd sem hann hefur tekið sé birt. Neytendasamtökin telja eðlilegt að gerð sé undantekning þegar neytandi hefur óskað eftir því við ljósmyndara að teknar verði ákveðnar myndir fyrir sig og hefur greitt fyrir verkið og eftir atvikum fyrir eftirgerð þess.

12. gr.


Neytendasamtökin leggja áherslu á að þeim sem notast við tæknilegar ráðstafanir sé gert skylt að upplýsa neytendur um það með skýrum hætti. Ljóst er að tæknilegar ráðstafanir hafa í mörgum tilvikum þau áhrif að neytendur geta ekki notað verk eins og þeir höfðu hugsað sér og telja samtökin að jafnvel sé komið í veg fyrir eðlileg afnot með slíkum ráðstöfunum. Svo dæmi séu tekin er ekki hægt að spila geisladiska með afritunarvörnum í öllum geislaspilurum og ekki í tölvum. Það er því mikilvægt að neytendur séu upplýstir um það ef verk er varið með tæknilegum ráðstöfunum svo að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um kaup.

Rétt er að fram komi að Neytendasamtökin eru alfarið á móti tæknilegum ráðstöfunum til að hindra ólöglega eintakagerð. Samtökin hafa skilning á því að ólögleg eintakagerð sé alvarlegt vandamál. Tæknilegar ráðstafanir, eins og t.d. afritunarvarnir á geisladiska, eru hins vegar harkalegar ráðstafanir sem koma niður á öllum neytendum vörunnar. Með slíkum aðgerðum er fjöldanum refsað fyrir ólöglega háttsemi fárra aðila. Læsing geisladiska skerðir verulega notkunarmöguleika neytandans eins og að framan er rakið og gerir möguleika hans til eintakagerðar til einkanota að engu. Neytendasamtök víða um

heim hafa barist fyrir því að tæknilegar ráðstafanir verði bannaðar og lýsa Neytendasamtökin yfir samstöðu við þann málstað.

Neytendasamtökin gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Íris Ösp Ingjaldsdóttir, hdl.